

Kirkjuþing 2016

9. mál – þskj. 9

TILLAGA

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum
um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni, Leifi Ragnari Jónssyni, Sigurði Árna Þórðarsyni, Þorgrími
Daníelssyni, Geir Waage, Ægi Erni Sveinssyni, Jónínu Bjartmarz og Birni Jónssyni.
Frsm. Geir Waage.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. fellur brott.

2. gr.

1. málsli. 1. mgr. 3. gr. breytist og orðast svo:

Biskup Íslands auglýsir öll laus prestsembætti og hlutastörf í samræmi við ákvæði 39. gr. laga
nr. 78/1997 og ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

3. gr.

5. liður 1. mgr. 3. gr. breytist og orðast svo:

5. Að matsnefnd fjalli um umsóknir samkvæmt starfsreglum um val og veitingu
prestsembætta.

4. gr.

3. mgr. 4. gr. falli brott.

5. gr.

Fyrri málsliður 11. mgr. 6. gr. orðast svo:

Matsnefnd velur að jafnaði fjóra hæfustu umsækjendurna en þó aldrei fleiri en fimm.

6. gr.

2. ml. 3. mgr. 8. gr. fellur brott:

7. gr.

2. málsli. 7. mgr. 8. gr. fellur brott.

8. gr.

9. gr. breytist og orðist svo:

■ Að undangenginni auglýsingu og matsferli og kjöri skipar biskup þann umsækjanda í
embætti sem meirihluti kjörnefndar hefur kosið og kynnir umsækjendum niðurstöðuna
samkvæmt 40. gr. laga nr. 78/1997.

9. gr.

Í 1. málslíð 1. mgr. 13. gr. kemur „20%“ í stað orðsins „þriðjungur“.

10. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Breytingar á starfsreglunum sem hér eru lagðar fram miða að því að stuðla að jafnræði með þeim sem sækja um prestembætti. Því eru lagðar til tvær meginbreytingar við núgildandi starfsreglur. Lögð er annars vega til sú breyting á starfsreglunum að matsnefnd um hæfni til prestsembætta starfi við allar embættisveitingar en sé ekki valkvæð eins og nú er kveðið á um. Hins vegar er lagt til að felld verði brott sú heimild í núgildandi starfsreglum að biskupi sé heimilt að flytja prest úr einu embætti í annað að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Mikil og rökstudd gagnrýni hefur komið fram á þetta fyrirkomulag og telja því flutningsmenn ekki rétt að hafa þessa heimild í starfsreglum kirkjupings þar sem það geti leitt það af sér að meginreglu þjóðkirkjulaga og starfsmannalaga um að laus embætti/störf skuli auglýsa geti verið ýtt til hliðar. Regla starfsmannalaga um tilflutning í starfi er undantekning frá meginreglunni og skal henni því aðeins beitt í algerum undantekningartilvikum og skuli sú undantekning vera vel rökstudd.

Í breytingartillögu þessari er lagt til að felld verði á brott sú heimild að kjörnefnd geti ákveðið hvort matsnefnd um hæfni til prestsembætta starfi, þ.e. að hún fjalli því aðeins um umsóknir ef kjörnefnd óski þjónustu hennar. Í ljósi rökstuddrar gagnrýni, sem fram hefur komið á þetta fyrirkomulag einkum varðandi mismunun gagnvart þeim er um embætti sækja, telja flutningsmenn að eðlilegt sé að matsnefnd fjalli um umsækjendur um prestsembætti í öllum tilvikum. Ekki sé rétt að sumir umsækjendur þurfi að fara í gegnum strangt mat matsnefndar meðan aðrir eru kosnir af kjörnefnd í leynilegri kosningu án undangengis hæfnismats matsnefndar.

Hvað varðar skyldu að auglýsa laus prestsembætti segir í 1. mgr 39. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (þjóðkirkjulög). „Þegar prestakall eða prestsstaða losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta.“ Í greinargerð með lagafrumvarpinu segir um ákvæðið að gert sé ráð fyrir að biskup Íslands auglýsi laus prestsembætti með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta. Þetta ákvæði er í samræmi við 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (starfsmannalög) þar sem segir að laust embætti skuli auglýsa í Lögbirtingablaði. Í álitum Umboðsmanns Alþingis frá árinu 1996 segir að meginreglan um auglýsingar á lausum stöðum hjá hinu opinbera sé sú að það sé skylt að auglýsa þær. Umboðsmaður telur það vera réttlætismál og jafnréttismál að öllum þeim, er hugur leikur á tilteknu opinberu starfi, sé veittur þess kostur að sækja um það. Hann segir að meðal annars liggi tvö sjónarmið til grundvallar þessari meginreglu, annars vegar jafnréttissjónarmið, sem felur í sér, að veita beri öllum þeim, sem áhuga kunna hafa, tækifæri til að sækja um opinbera stöðu. Eftir slíka auglýsingu hafi þá allir, sem uppfylla almenn hæfisskilyrði, sem um stöðuna

gilda, jafna möguleika á því að sækja um. Hins vegar búi þarna að baki það sjónarmið, að með þessu fyrirkomulagi sé stuðlað að því, að betri kostur sé á færum og hæfum umsækjendum. Í 2. mgr. 7. gr. starfsmannalaga laga er kveðið á um undantekningar frá meginreglunni um að auglýsa beri laus störf en þar er kveðið er á um að heimilt sé að skipa mann eða setja í embætti í forföllum en þó aldrei lengur en í eitt ár. Einnig er kveðið á um aðra undantekningu frá meginreglunni, að flytja megi embættismann til í embætti án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar. Flutningsmenn telja að þarna sé um að ræða sömu sjónarmið og lýst hefur verið hér að ofan hvað varðar jafnræði meðal umsækjenda. Báðar þessar breytingatillögur hníga því að sama marki, að jafna stöðu guðfræðinga sem hyggjast sækja um prestsembætti.

Athugasemdir við einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Lagt er til að brott falli sú heimild kjörnefndar að þegar prestakall losni skuli nefndin taka afstöðu til þess hvort hún hyggst nýta þjónustu matsnefndar. Með því að hafa matsnefndina valkvæða telur löggjafarnefnd að sé ekki gætt jafnræðis með umsækjendum. Að öðru leyti er vísað til almennu skýringanna hér að ofan um þetta efni.

Um 2. gr.

Lagt er til að skýrlega sé kveðið á um að að skylt sé að auglýsa öll laus störf. Hér er vísað til almennu skýringanna hér að ofan til nánari skýringar á þessu ákvæði.

Um 3. gr.

Þessi breyting á upptalningu í auglýsingu er í samræmi við þá breytingatillögu að matsnefnd starfi við allar embættisveitingar presta.

Um 4. gr.

Lagt er til að brott falli úr starfsreglunum ákvæðið sem kveður á um heimild biskups að flytja presta úr einu embætti í annað. Ekki er talin þörf á að kveða á um slíkt í starfsreglum þar sem í 36. gr. starfsmannalaga segir að stjórnvald, sem skipað hafi mann í embætti, geti flutt hann úr einu embætti í annað, enda heyri bæði embættin undir það. Regla starfsmannalaga um tilflutning í starfi er undantekning frá meginreglu laganna um að laus störf beri að auglýsa og ber því að beita henni í undantekningartilvikum.

Um nánari skýringu á ákvæðinu er vísað til almennu skýringanna hér að ofan.

Um 5. gr.

Hér lagt til að matsnefnd velji að jafnaði fjóra hæfustu umsækjendurna en þó aldrei fleiri en fimm. Þetta er lagt til til þess að rýmka rétt kjörnefnda til þess að velja sér prest þannig að þeir hafi úr fleiri umsækjendum að velja en nú er.

Um 6. gr.

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 7. gr.

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 8. gr.

Hér er hnykkt á því að auglýsing embætta sé meginreglan og að biskup skipi í embætti að undangenginni auglýsingu, matsferli og kjöri.

Um 9. gr.

Lagt er til að hlutfall þeirra sem óska eftir prestskosningu verði lækkað úr þriðjungi í 20%. Rökin fyrir þessari tillögu eru þau að þar sem nú eru lagðar til breytingar á málsmeðferðinni í umsóknarferlinu sem gerir það að verkum að kjörnefndir geta einungis kosið úr hópi þeirra sem matsnefnd hefur mælt með, þykir rétta að gera sóknarbörnum auðveldara að ná fram almennum prestskosningum.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.